




AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Nýtt skógræktarsvæði á Stóra-Hálsi

03.09.2026



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 12.02.2026 með athugasemdafresti til: 06.03.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 16.04.2026 með athugasemdafresti til: 08.05.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

114250-GRG-001-V05

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ, AB

EFNISYFIRLIT


1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Gróður, fuglar og jarðfræði	5
2.2	Minjar	5
2.3	Vatn	5
2.4	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
2.5	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	6
2.5.1	Flokkun landbúnaðarlands	8
2.5.2	Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi skipulag	9
2.6	Jarðalög	9
3	BREYTING AÐALSKIPULAGS	10
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
4.1	Umhverfispættir og áherslur	11
4.2	Valkostir	13
4.2.1	Niðurstaða	14
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15

1 INNGANGUR

Sett er fram breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni er sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Stóra-Hálsi (L170827) og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha. Markmið framkvæmdarinnar er að græða upp landið og rækta skóg til bindingar kolefnis. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og aðalskipulagsupprætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Nýja skógræktarsvæði er nálægt bæjartorfu Stóra-Háls og nær að Nóngili í suðri og upp í Stórahálsfjall í vestri. Að norðan afmarkast svæðið af Geithamragili, að norðaustan af Ytriá og að austan af túnum á jörðinni. Skógræktarsvæðið nær upp að 200 m h.y.s. Um landið liggja Hveragerðislína 1 og Sogslína 2.



MYND 1. Afmörkun skógræktarsvæðis á Stóra-Hálsi. (Mynd frá Loftmyndum).

2.1 Gróður, fuglar og jarðfræði

Landið nær upp í hlíðar Stórahálsfjalls og hallar til austurs og norðausturs. Landið er gróið en þó eru nokkrir lítt eða ógrónir blettir inn á milli og ofar í Stórahálsfjalli er gróður rýrari og nokkuð um virkt rof. Farvegir leysingarvatns eru áberandi í fjallinu. Af loftmynd má ráða að landið sé frekar þurrt (mynd 1). Skv. upplýsingum frá landeiganda þá er jarðvegur grunnur og mest melar og grjót undir svo landið er frekar rýrt og viðkvæmt.

Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er að finna eftirtaldar vistgerðir; runnamýravist á láglandi, starungsmýravist, grasmóavist, starmóavist, lyngmóavist á láglandi, flagmóavist, grasmelavist, hraungambravist, tún og akurlendi. Allar vistgerðir, nema fjórar síðasttöldu, hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Hafa skal í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar en viðmiðunarmælikvarði hennar er 1.25.000.

Jörðin Stóri-Háls er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, þ.e. Suðurlandsundirlendið og minnir stofnunarinnar á alþjóðasamninga m.a. um vernd fuglastofna. Reikna má með að skógrækt breyti búsvæðum fugla að einhverju leyti, skerði búsvæði mófugla en auki skjól og stækki svæði tegunda sem sækja í skógarsvæði. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu kemur fram að miðað við landhalla, gróðurfar og nálægð við núverandi mannvirki þá sé skógræktin ekki líkleg til að hafa mjög neikvæð áhrif á vaðfugla. Ætla megi að mest sé um þá þegar neðar er komið og land orðið flatara. Þéttleiki vaðfugla er almennt minni í halla.

Ekki er að finna þekktar jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Skógræktarsvæðið er utan skilgreindra verndarsvæða.

Benda má á að það getur ekki verið hlutverk einstakra landeigenda að uppfylla alþjóðasamninga.

2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í Grafningi. Engar þekktar minjar er að finna í Minjavefsjá Minjastofnunar. Í umsögn Minjastofnunar um skipulagslýsingu kemur fram að þörf er á að skrá minjar á skógræktarsvæðinu á vettvangi, af þar til bærum aðilum.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.3 Vatn

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

- Alviðra 104-306-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki undir álagi. Þessi atriði eru óþekkt.

- Lyngdalsheiði 104-305-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott og að vatnshlotið sé ekki undir álagi. Þessi atriði eru óþekkt.
- Tunguá 2 104-779-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott, efnafræðilegt ástand gott og vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er metið mjög gott, efnafræðilegt ástand óþekkt og ekkert álag er skráð.

2.4 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Einkum verður horft til eftirfarandi skilmála í landsskipulagsstefnu:

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Skipulag skal stuðla að traustum veituvinnuþingum sem tryggja öryggi.

Stefna í breyttu aðalskipulagi er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu. Horft er til flokkunar landbúnaðarlands og vistgerðarkortlagningar. Auk þess sem settir eru skilmálar um að t.d. skuli taka tillit til landslags, náttúru og minja.

2.5 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í aðalskipulagi er fyrirhugað skógræktarsvæði í landi Stóra-Háls skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L1 og L2) og óbyggt svæði (ÓB1).

Stefna fyrir landbúnaðarsvæði (kafli 3.2.1)

- Landbúnaðarland í flokki L1 verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu. Landnýting skal vera í sátt við náttúruna og ekki misbjóða henni með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum.
- Stuðlað verði að kolefnisjöfnun í landbúnaði og að bændur og aðrir landeigendur vinni að kolefnishlutleysi. Leitast verði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði m.a. með vinnslu og nýtingu umhverfisvænna orkugjafa.
- Stuðlað verði að viðhaldi núverandi votlendissvæða og eftir atvikum endurheimt votlendis.
- Í umsókn um breytta landnotkun skal rökstyðja þörf til breytinga, stærðar svæðis og hvort mögulega megi nýta önnur æskilegri svæði fyrir breytta landnotkun, sérstaklega ef um er að ræða verndarsvæði og/eða úrvals landbúnaðarland (L1).
- Almennt verður breytt landnotkun ekki heimiluð á úrvals landbúnaðarlandi (L1) eða verndarsvæðum, nema sýnt sé fram á að flokkun landbúnaðarlands sé ekki rétt og/eða að framkvæmdir rjúfi ekki samfellu á úrvals ræktunarlandi, sé í jafri svæðis og í góðum tengslum við samgöngu- og veitukerfi.

TAFLA 1. Stefna gildandi aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði L1 og L2.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbún-aðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Landbúnaðarland í flokki I og að hluta til í flokki II (sbr. flokkun landbúnaðarlands); sléttlendi, nær grjótlaut og frjósamur jarðvegur. - Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu. Byggingar, vegir, samfelld skógrækt o.fl. sem hamla nýtingu lands til matvælaframleiðslu er að jafnaði ekki heimil. Þó er heimilt að byggja upp á 1-2 ha spildum á bæjar-torfum bújarða þar sem hentugt er að samnýta vegi og veitur. - Byggingar geta verið heimilar í jaðri svæða og verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. - Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu. - Heimilt er að vera með skjólbelti.
L2	Gott landbúnaðarland	Landbúnaðarland í flokki II-IV. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. - Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem getur verið ótengd landbúnaði. - Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð. - Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar. - Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð.

Stefna fyrir óbyggð svæði (kafla 3.3.4)

Um óbyggð svæði (ÓB1) segir að áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða. Landgræðsla og landbótaskógrækt geti verið heimil. Einnig kemur fram að áfram verði stunduð ábyrg beitarstjórnun og landeigendum tryggður áframhaldandi nytja- og beitarréttur innan óbyggðra svæða.

Stefna fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði (kafla 3.2.2).

- Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra, eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun, er tilkynningarskyld vegna umhverfismats og skal fara fram á skilgreindum SL svæðum. Óheimilt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.
- Eftir atvikum þarf að horfa til samlegðaráhrifa fyrirhugaðrar skógræktar með skógrækt á nálægum svæðum, fari heildarstærð yfir 200 ha.
- Skógrækt er almennt framkvæmdaleyfisskyld og skal skila inn áætlun um ræktunaráform og áfangaskiptingu framkvæmdar. Séu frekari framkvæmdir áætlaðar innan svæðisins t.d. er varðar uppbyggingu húsa getur eftir atvikum verið þörf á gerð deiliskipulags.
- Almennt verður skógrækt ekki heimiluð á úrvals landbúnaðarlandi, votlendi og þar sem mikil útbreiðsla vistgerða með hátt verndargildi er til staðar, nema til komi mótvægisáðgerðir eða sýnt fram á að flokkun/mat lands sé ekki rétt.

- Á stærri skógræktarsvæðum skal m.a. hugað að flóttaleiðum og tegundavali plantna m.t.t. bruna-varna.
- Við skógrækt á opnum svæðum skal horft til þess að hámarka nýtingu svæðisins m.t.t. aðgengis almennings til útivistar og almennrar nýtingar á slíkum svæðum.
- Skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka skal ekki hindra frjálsa för manna.
- Skógrækt skal ekki valda snjósöfnun á vegum eða hindra vegsýn.
- Í ræktunaráætlun/deiliskipulagi skal horfa til 5. gr. jarðalaga ásamt því að gera grein fyrir:
 - Mati á verndargildi vistgerða og jarðmyndana á viðkomandi svæði.
 - Mat á landgæðum m.a. að teknu tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni, kolefnisbúskapar vistkerfa og að stuðlað sé að sjálfbærri landnýtingu.
 - Mat á áhrifum á vistkerfi, s.s. búsvæði fugla.
 - Mat áhrifa á þekktar forn- og náttúruminjar.
 - Uppfærð fornleifaskráning, liggi fullnægjandi skráning ekki fyrir.
 - Mat á áhrifum skógræktar á ásynd og útsýni.
 - Möguleg áhrif á grunnvatn, þ.m.t. vatnshlot.
 - Gera grein fyrir jarðvinnslu s.s. plægingu, slóðagerð og tegundavali.

Stefna fyrir rafveitu (kaflí 6.3)


Við deiliskipulag svæða, framkvæmdir og/eða skógrækt skal taka tillit til helgunarsvæða raflína.

TAFLA 2. Stefna gildandi aðalskipulags fyrir háspennulínur sem liggja um land Stóra-Háls.

HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
Sogslína 2	Liggur frá Írafossi að Geithálsi. Gert er ráð fyrir að Sogslína 2 verði fjarlægð á skipulagstímabilinu. Línán er 132 kV
Hveragerðislína 1	Lofthlína frá Ljósafossstöð að tengivirki á Völlum í Ölfusi, 66 kV.

2.5.1 Flokkun landbúnaðarlands

Landbúnaðarland var flokkað í tengslum við gerð aðalskipulags. Á mynd 2 sést afmörkun svæðisins ofan á flokkun landbúnaðarlands. Flokkun landbúnaðarlands var unnin út frá þeim gögnum sem voru fyrirbyggjandi á sínum tíma. Sé tekið mið af loftmynd (mynd 1) og upplýsingum frá landeiganda þá eru þeir 40 ha af landi í flokki I sem breytt er í skógræktarsvæði lítt áhugaverðir til ræktunar. Hægt er að nýta þá til sauðfjárbættar. Þó það falli undir gott ræktunarland þá er norðausturhluti þess óræktað og að hluta rýrt og viðkæmt. Einnig eru áfram stór svæði innan jarðarinnar sem teljast gott ræktunarland. Afmörkun skógræktarsvæðis tekur mið af flokkun landbúnaðarlands, staðháttum og núverandi nýtingu landsins.



MYND 2. Flokkun landbúnaðarlands. Dökkgræn svæði eru besta ræktunarlandið og græn svæði góð til ræktunar. Bleikur fláki sýnir mörk skógræktarsvæðis.

2.5.2 Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi skipulag

Breytt aðalskipulag gengur að nokkru leyti gegn þeirri stefnu í gildandi skipulagi að landbúnaðarland L1 verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu. Og að byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimilt á landbúnaðarlandi L1. Þó þarf að horfa til þess að landið hefur ekki verið ræktað, skógræktin verður í jaðri L1 og aðeins lítill hluti landbúnaðarsvæðis L1 innan jarðarinnar er tekinn undir skógrækt. Stærsti hluti landbúnaðarlands L1 innan jarðarinnar Stóra-Háls verður áfram tiltækur til matvælaframleiðslu. Auk þess sem hægt er að ryðja skóg komi til þess að þörf verði á landinu til matvælaframleiðslu. Hluti landbúnaðarsvæða L2 getur hentað vel til skógræktar.

Með skógrækt verður unnið að endurheimt landgæða því hluti lands er nokkuð rofinn, jarðvegur rýr og áburðarfrekur, melar og grjót undir yfirborði. Skógur bindur kolefni og myndar skjól sem getur bætt búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.

2.6 Jarðalög

Í tengslum við gerð aðalskipulags var landbúnaðarland flokkað. Sá hluti jarðarinnar sem er breytt í skógrækt er einkum í flokki II gott ræktunarland og flokki IV illræktanlegt til óræktanlegt land. Lítil hluti landsins er í flokki I úrvals ræktunarland, það er óræktað og stendur ekki til að auka umfang ræktað lands innan jarðarinnar.

Skv. upplýsingum frá landeiganda þá er hægt að nýta fyrirhugað skógræktarsvæði til sauðfjárbæitar með því að bera á það áburð. Jarðvegur er grunnur og mest melar og grjót undir svo landið er frekar rýrt og viðkvæmt. Og innan jarðarinnar er nóg af betra landið sem er nýtt og hægt að nýta áfram bæði

til beitar og matvælaframleiðslu. Áhrif á landbúnaðarland eru metin ásættanleg með hliðsjón af jarðvegsaðstæðum, rofi og áframhaldandi aðgengi að betra ræktunarlandi innan jarðarinnar.

Vatnsfarvegir valda því að á hluta umrædds lands er nokkuð rof sem æskilegt er að stöðva, t.d. með skógrækt, og tryggja þannig vernd jarðvegs. Minna rof er á norðurhluta svæðisins. Almennt er landbúnaður á undanhaldi í Grafningi og því æskilegt að tryggja áframhaldandi nýtingu lands, s.s. til skógræktar. Til framtíðar litið væri hægt að ryðja skóg og taka landið aftur undir landbúnaðarstarfsemi. Skógrækt fellur að stefnu sveitarfélagsins um bindingu kolefnis. Sveitarfélagið telur vegna jarðvegsaðstæðna ekki líkur á að umrætt land verði tekið til matvælaframleiðslu. Ef rækta ætti landið yrði það gert með ærinni vinnu og tilkostnaði. Austan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis eru túnin á bænum og koma þau til með að njóta góðs af því skjóli sem skógræktin myndar. Sveitarfélagið vill heimila að landið verði tekið undir skógrækt.

3 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Sett er inn nýtt skógræktar- og landgræðslu-svæði og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha lands. Landbúnaðarsvæði L1 og L2 og óbyggð svæði ÓB1 breytist samsvarandi. Settir eru skilmálar fyrir skógræktar- og landgræðslusvæðið.

Stefna í gildandi skipulagi

TAFLA 3. Stefna gildandi skipulags fyrir óbyggð svæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÓB1	Óbyggð svæði á afrétti og fjalllendi og heiðar í byggð	Grímsnesafréttur og fjallendi Hengilssvæðisins, Ingólfsfjall og Mosfellsheiði. Áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða.	31.540,0

Stefna í breyttu skipulagi

Bætt er inn nýju skógræktar- og landgræðslusvæði SL19, og stærð óbyggðs svæðis ÓB1 breytist. Landbúnaðarsvæði L1 og L2 minnka samsvarandi en stærð landbúnaðarlands er ekki skilgreind í greinargerð.

TAFLA 4. Stefna fyrir skógræktar- og landgræðslusvæðið SL19.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
SL19	Stóri-Háls	100,0	Heimilt er að stunda skógrækt. Skipulag og gróðursetning miði að því að fella skóg að landlínun og ríkjandi formum í landslaginu. Þannig sé skógræktin teygð upp eftir lægðum og giljum en dregin niður fyrir ása og hryggi, eða leitast við að skapa líkt mynstur og er í náttúrulegri gróðurþekju landsins. Forðast skal að planta í beinar línur þvert á hæðarlínur. Á skógræktarsvæðinu skulu auð svæði skilin eftir meðfram ám, lækjum og gljúfrum, línuvegum og raflínun og helgunarsvæði þeirra. Samráð skal haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri háspennulínun. Heimilt er að vera með útivistarleiðir og áningarstaði.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
			Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal fara fram minjaskráning á vettvangi og eftir því sem við á skal í framkvæmdaleyfi og fyrirkomulagi skógræktar taka tillit til þekktra minja og helgunarsvæðis þeirra.

TAFLA 5. Stefna fyrir óbyggð svæði ÓB1 í breyttu skipulagi. Stærð svæðis breytist.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÓB1	Óbyggð svæði á afrétti og fjalllendi og heiðar í byggð	Grímsnesafréttur og fjallendi Hengilssvæðisins, Ingólfsfjall og Mosfellsheiði. Áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða.	31.541,4

4 UMhverfismatsskýrsla

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati þeirra framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmdin er ekki tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu því stærð svæðis er undir viðmiðunarmörkum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 6 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 6. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMhverfispáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Landnotkun, landslag og ásýnd	Aðalskipulag. - Landbúnaðarland í flokki L1 verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu. Landnýting skal vera í sátt við náttúruna og ekki misbjóða henni með ofbeit, mengun eða á annan hátt. - Byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum. - Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. - Almennt verður skógrækt ekki heimiluð á úrvals landbúnaðarlandi, votlendi og þar sem mikil útbreiðsla vistgerða með hátt verndargildi er til staðar, nema til komi mótvægisáðgerðir eða sýnt fram á að flokkun/matlands sé ekki rétt. Landsskipulagsstefna - Ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi.	Hefur stefnan áhrif á landnotkun? Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	- Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004. - Vernd landbúnaðarlands með það að markmiði að tryggja fæðuöryggi til framtíðar.	
Vatn og lífríki vatns	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lög um lax- og silungsveiði nr. 60/2006. 33. gr. Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskgengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.	Hefur stefnan áhrif á vatn eða grunnvatn? Hefur stefnan áhrif á lífríki vatns eða aðstæður til veiði?
Gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki	Aðalskipulag - Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum. Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030 - C3. Auðlindir lands. Að árið 2030 verði öll nýting á gróður- og jarðvegsauðlindum landsins sjálfbær og stunduð í sátt við líffræðilega fjölbreytni Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031. - Skógrækt og skógvernd stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, vernd og aukna útbreiðslu náttúruskóga og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 61. gr. Vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar og forðast skal að raska.	Hefur stefnan áhrif á gróður? Hefur stefnan áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika?
Fuglar og búsvæði	Aðalskipulag Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum.	Hefur stefnan áhrif á tegunda-samsetningu og búsvæði?
Loft	Landsskipulagsstefna - Stefna í skipulagsgerð skal draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Aðalskipulag - Sveitarfélagið hyggst vinna að því að verða kolefnis-hlutlaust og nýta skógrækt, votlendisaðgerðir og sjálfbæra landnýtingu í því skyni.	Hefur stefnan áhrif á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda?
Samfélag Íbúar. Atvinnulíf.	Aðalskipulag Að efla sveitarfélagið og stuðla að vistvænu samfélagi með fjölbreyttu atvinnulífi.	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Minjar Fornminjar.	Aðalskipulag - Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 21. gr. Óheimilt er að raska fornminjum.	Hefur stefnan áhrif á minjar?

4.2 Valkostir

Eigandi jarðarinnar Stóra-Háls vill nýta hluta jarðarinnar til skógræktar til bindingar kolefnis. Samhliða mun draga úr hættu á jarðvegsrofi en nokkuð rof er á hluta skógræktarsvæðisins. Almennt mun skógrækt hjálpa til við að græða land og vernda jarðveg. Bornir eru saman tveir valkostir, stefna skv. gildandi skipulagi og stefna í breyttu skipulagi sem heimilar skógrækt. Vissulega væri hægt að vera með skógrækt víða annars staðar, afmarka hana á annan hátt og bæði stærri eða minni. Sá valkostur er ekki skoðaður því hann var ekki talinn ná jafn vel fram markmiðum um að græða upp landið, jarðvegsvernd og myndun skjóls. Afmörkun svæðis í breyttu skipulagi er niðurstaða landeiganda.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Stefna í breyttu skipulagi. Heimilt er að rækta skóg á allt að 100 ha.
- Stefna í gildandi skipulagi. Landið er landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Áhrif af stefnu í breyttu skipulagi

Áhrif á landnotkun, landslag og ásýnd eru óveruleg/neikvæð. Skógrækt mun breyta útsýni á svæðinu og stytta sjónlengdir. Landslag breytist þar sem að skóglaut land verður skógi vaxið. Að hluta til er verið að breyta lakasta landbúnaðarlandinu, þar sem er nokkurt rof, í skógræktarsvæði. Verði þess þörf má ryðja skóg og taka land undir matvælaframleiðslu.

Neikvæð áhrif verða því hluta af landbúnaðarlandi L1 er breytt í skógræktarsvæði. En horfa þarf til þess að sá hluti er í jaðri svæðis og landið hefur ekki verið ræktað, auk þess sem landeigandi segir jarðveg rýran og að landið þurfi áburðargjöf ef nýta á það til beitar.

Áhrif á vatn og lífríki vatns eru jákvæð. Jákvæð áhrif verða því gróður dregur úr jarðvegsrofi og útskolun í ár og vötn. Gróður bætir þannig vatnsgæði. Meiri gróðurþekja kemur til með að draga úr hættu á því að óæskileg efni berist í vatn. Skógur eykur magn lífræns efnis í ám og vötnum sem hefur jákvæð áhrif á lífríki vegna aukins fæðuframboðs. Settir eru skilmálar um að auð svæði verði meðfram ám og lækjum.

Áhrif á gróður og líffræðilegan fjölbreytileika eru jákvæð/neikvæð. Með skógrækt minnka líkur á rofi lands og jarðvegseyðingu. Svæðið verður áfram gróið þó tegundasamsetning breytist. Allar líkur eru til að skógur myndi meiri jarðveg en er í dag, bæði með kolefnisbindingu og auknu skjóli fyrir annan gróður.

Við alla skógrækt breytist gróðurfur og líffræðilegur fjölbreytileiki og getur það haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif.

Áhrif á fugla og búsvæði eru jákvæð/neikvæð. Jákvæð áhrif verða því skógur skapar búsvæði fyrir tegundir sem lifa í skógi.

Fyrirhuguð skógrækt mun að einhverju leyti breyta tegundasamsetningu fugla vegna breytinga á búsvæðum. Hluti skógræktarsvæðisins er í halla og í nálægð við mannvirki, en þéttleiki vaðfugla er almennt minni í halla og dregur það úr líkum á neikvæðum áhrifum.

Áhrif á loft eru jákvæð því skógur veitir skjól, dregur úr loftmengun og bindur kolefni.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Trjáplöntun, grisjun og vinnsla skógarafurða skapar atvinnu. Skógur skapar skjól.

Áhrif á minjar eru óviss. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins en minjaskráning á vettvangi hefur ekki farið fram. Sett er ákvæði um að minjaskráning skuli fara fram áður en framkvæmdaleyfi er veitt, og eftir því sem við á skal við fyrir komulag taka tillit til þekktra minja og helgunarsvæða þeirra.

Áhrif af stefnu í gildandi skipulagi

Áhrif á landnotkun, landslag og ásýnd eru óveruleg. Landið verður áfram landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði og möguleiki að nýta það til sauðfjárbætur með því að bera á það áburð. Ásýnd óbreytt.

Áhrif á vatn og lífríki vatns eru óveruleg. Ekki er reiknað með að núverandi landnotkun breyti vatnsgæðum eða komi í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

Áhrif á gróður og líffræðilegan fjölbreytileika eru neikvæð. Líklegt er að rof haldi áfram út frá þeim vatnsskorningum sem eru til staðar og gæti gróðureyðing aukist ef ekkert er að gert.

Áhrif á fugla og búsvæði eru óveruleg. Þeir fuglar og búsvæði þeirra sem eru til staðar verða það áfram.

Áhrif á loft eru óveruleg. Gróður verður áfram til staðar og bindur gróðurhúsalofttegundir, gróður er þó rýr og ekki líklegt að binding kolefnis sé mikil.

Áhrif á samfélag eru óveruleg. Búast má við sambærilegri nýtingu jarðarinnar og er í dag.

Áhrif á minjar eru óveruleg/óviss. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins, en minjaskráning á vettvangi hefur ekki farið fram.

4.2.1 Niðurstaða

Að flestu leyti eru áhrif af aðalskipulagsbreytingunni metin jákvæð eða óveruleg. Stærsti hluti jarðarinnar er ekki metinn sem gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu og er að því leyti heppilegt að nýta landið til skógræktar og bindingar kolefnis. Með skógrækt er möguleiki á að stoppa rof í hlíðum Stórahálsfjalls auk þess sem skógur bindur kolefni og bætir ástand jarðvegs sem er frekar rýr. Ekki er heimilt að planta meðfram ám, lækjum eða giljum og taka skal tillit til helgunarsvæðis minja, háspennulína og helgunarsvæðis þeirra.

Neikvæð áhrif eru helst talin verða vegna breytinga á tegundasamsetningu fugla og skerðingar á mögulegum búsvæðum mófugla, en breytt landnýting hefur alltaf áhrif á vistgerðir og fuglalíf. En um leið hefur skógur jákvæð áhrif fyrir þá fugla sem lifa í skógi og eykur skjólmyndun fyrir flóru og fánu landsins. Sömuleiðis breytist ásýnd svæðisins nokkuð við að það verði skógi vaxið.

Sveitarfélagið er meðvitað um að skógrækt á jafn stóru svæði og hér er um að ræða hefur ýmiskonar áhrif. Áhrifin verða einkum því ásýnd svæðisins breytist við skógrækt, en skógi vaxið land er ekki síður fallett en land þar sem er enginn skógur.

Til framtíðar litið má ryðja skóg og nýta landið til ræktunar, þó til þess þurfi tilskilin leyfi. Vonir standa til með skógræktinni þá myndist meiri og þykkari jarðvegur á svæði sem í dag er frekar rýrt. Skógræktin getur í þessu tilfelli mögulega bætt aðstæður til matvælaframleiðslu til framtíðar litið. Sveitarfélagið reiknar þó með að skógræktin sé hugsuð til langs tíma og vill heimila að landið sé tekið úr landbúnaðar-notum og nýtt til skógræktar. Breytingin er metin ásættanleg þar sem betra ræktunarland helst áfram til landbúnaðarnota og skógræktarsvæðið nýtist til landbóta og kolefnisbindingar.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í byrjun árs. Með kynningu skipulagslýsingar var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótnun aðalskipulagsbreytingarinnar. Alls bárust 9 athugasemdir og var við vinnslu aðalskipulagstillögunnar tekið mið af þeim, eftir því sem við átti.

Tillaga aðalskipulagsbreytingar verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt HMS. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.


Helstu umsagnaraðilar eru eftirtaldir:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Landsnet
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógur
- Fiskistofa
- Umhverfis- og orkustofnun

Líklegt er að skipulagstillaga verði kynnt á vormánuðum, auglýst í lok árs og taki gildi í byrjun árs 2027.


Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Nýtt skógræktarsvæði á Stóra-Hálsi



- Sveitarfélagamörk
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Óbyggð svæði
- Afbreytingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvú
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólréiðaleið
- Reiðleið
- ♦ Minjavernd
- Vatnsból
- Svæði breytingar

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulagsbreytingin var kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn _____

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Breytingin var staðfest af HMS _____



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps
Nýtt skógræktarsvæði á Stóra-Hálsi

Verk: 114250
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

Dags: 17.03.2026